

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 371 25. október 1976 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er 3600,00 kr., en verð endurnýjunarmiða í hverjum flokki 300,00 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, öðlast gildi 8. apríl 1988.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 55 4. febrúar 1986.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. janúar 1988.

Jón Sigurðsson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir saltfiskafurðir á tímabilinu frá 1. október til 31. desember 1987.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir saltfiskafurðir á tímabilinu frá 1. október til 31. desember 1987.

Fullstaðinn þorskur:		US \$ pr. lest fob.
Stórfiskur	10/30 I	3 836,00
Stórfiskur	II	3 606,00
Stórfiskur	III	3 195,00
Stórfiskur	IV	2 839,00
Millifiskur	30/40 I	3 606,00
Millifiskur	II	3 195,00
Millifiskur	III	2 730,00
Millifiskur	IV	2 328,00
Smáfiskur	40/60 I	3 195,00
Smáfiskur	II	2 808,00
Smáfiskur	III	2 482,00
Smáfiskur	IV	2 112,00
Smáfiskur	60/80 I	2 929,00
Smáfiskur	II	2 662,00
Smáfiskur	III	2 395,00
Smáfiskur	IV	1 949,00
Smáfiskur	80/100 I	2 533,00
Smáfiskur	II	2 251,00
Smáfiskur	III	2 025,00
Smáfiskur	IV	1 646,00